

Íslenska kalkþörungafélagið ehf
Hafnarteigi 4
465 Bíldudalur

Reykjavík, 3. ágúst 2022
UST202203-006/M.H.G.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 08.06.2022 – Íslenska Kalkþörungafélagið, Bíldudal

Þann 8. júní sl. fór fram fyrra eftirlit ársins í kalkþörungaverksmiðju Íslenska Kalkþörungafélagsins á Bíldudal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Premur ábendingum var komið fram í eftirlitinu og fjögur frávík komu fram er varða:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi og losunarbókhaldi var skilað of seint. Gögnunum var skilað þann 10. júní 2022 og **þar sem gögnin hafa borist Umhverfisstofnun telst úrbótum vegna frávíksins lokið.**
2. Gr. 3.6 í starfsleyfi. Útblástursmælingar frá eldri þurrkara voru 31,47 mg/Nm³ og frá nýrri þurrkara 32,24 mg/Nm³. Starfsleyfismörk útblásturs frá þurrkurum eru 20 mg/Nm³.
3. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Tómir brúsar af spilliefnum þurfa að vera í lekaheldu kari svo það rigni ekki ofan í það.
4. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Tómar olútunnur, bambar undan olíuhreinsi og öðrum efnum og olíublaut efni eiga að fara í viðeigandi ferli og ekki standa óvarið úti.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 25. ágúst 2022.

Virðingarfyllst,

Margrét Helga Guðmundsdóttir
Sérfræðingur

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur